

8. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Haldinn í Króksfjarðarnesi 3. apríl 2019 kl. 14:00

Mætt eru: Embla Dögg Bachmann og Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem eru fulltrúar Reykhólahrepps. Einar Jón Geirsson í forföllum Sigríðar Skúladóttur og Ragnheiður Pálsdóttir sem fulltrúar Dalabyggðar. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Inga Kristjánsdóttir í forföllum Þrúðar Kristjánsdóttur fyrir hönd Félags eldri borgara. María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhóla og Stranda, Jón Egill Jónsson tómstundafulltrúi Dalabyggðar og Þórunn Björk Einarsdóttir fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Mál á dagskrá:

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

Formaður fór yfir fundargerðina. Hún fór yfir verkefni frá síðasta fundi sjá lið nr. 2 og 3

2. Bréf til HVE Akranesi dags. 19. febrúar 2019 og svar við því.

Í bréfinu var óskað eftir fulltrúa frá HVE í samræmi við breytingar á lögum um Félagsþjónustu sveitarfélaga.

Umræður um erindisbréf Öldungaráðs, lögum samkvæmt á fulltrúi heilsugæslunnar að sitja í Öldungaráði og því þarf að gera minniháttar breytingar á erindisbréfi Öldungaráðs. Búið er að skipa fulltrúa fyrir hönd heilsugæslunnar, Þórunni Björk Einarsdóttur.

3. Bréf til Velferðarráðuneytisins dag. 22. nóv 2018 og svar við því.

Bréf til Velferðarráðuneytisins vegna Silfurtúns, og um þungan rekstur hjúkrunarheimila. Velferðarráðuneytið vísar erindinu til Sjúkratrygginga Íslands.

4. Reglur Öldungaráðs – þarf að endurskoða þær?

Farið yfir erindisbréf öldungaráðs frá 2015, gerðar breytingar á því samkvæmt nýjum lögum um öldungaráð og nokkrar minniháttar breytingar í ljósi reynslunnar. Nýtt erindisbréf verður sent sveitarstjórnunum til staðfestingar.

5. Þjónusta við aldraða hjá sveitarfélögunum.

Rætt um snjómokstur og slátt í görðum. Talað um hvort sömu reglur gildi um þéttbýli og dreifbýli og rætt um snjómokstur til þeirra sem búa einir og eiga erfitt með aðgengi að verslun og þjónustu yfir vetrarmánuðina. Vísað til sveitarfélaganna að útbúa reglur um slátt og snjómokstur fyrir eldri borgara og koma þeim á framfæri til íbúa.

6. Dvalar- og hjúkrunarheimilin. Staðan.

Rætt um hjúkrunar- og dvalarrými á Silfurtúni. Búið er að samþykka í sveitarstjórn Dalabyggðar að sækja um tvö hvíldarinnlagnarrými og eitt dagvistunarrými. Tvö dagvistunarrými voru tekin af Barmahlíð og færð á Akranes, það hefur ekki áhrif á rekstur Barmahlíðar.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið kl. 15:40

Fundargerð ritaði Jóhanna Ösp Einarsdóttir